



Kjarakönnun 2

Elmeri 6

Verðmyndun á fiski 7

Efni 1  
Efni 1  
Efni 1  
Efni 1  
Efni 1

# Kjarasamningar

## Punktur úr megináherslum VM í komandi kjarasamningum:

### Laun og launakerfi

Byrjunarlaun sérhæfðra aðstoðarmanna og sveina hækki um 20.000 kr.

Leiðrétta laun þeirra sem ekki hafa notið launaskriðs.

Almenn upphafshækkun launa frá 1. janúar 2008.

Faglegt nám til viðbótar sveinsprófi verði metið til viðbótarlaunaflokks. Launaflokkakerfið verði opið fyrir breytingum á fagnámi og/eða nýjum námsbrautum.

Launabreytingar á samningstíma umfram upphafshækkun launa miðist við að viðhalda kaupmætti eins og hann verður við upphaf samnings. Aðfangadagur jóla og gamlársdagur verði frídagar.

### Orlof

Orlof lengist og tengist meira við tímalengd í starfsgrein en vinnustað.

### Námsorlof

Réttur til fastra launa við faglega símenntun verði 12 klst á ári og 40 klst á ári eftir 5 ára starf í sama fyrirtæki.

### Veikindaréttur

Réttur til launa vegna veikinda og slysa miðist við starf í starfsgrein í stað vinnu hjá sama atvinnurekanda.

### Ýmislegt

Kafli um kaup og kjör iðnnema verði endurskoðaður.

Til viðbótar verða lagðar fram sameiginlegar tillögur landssambanda og félaga innan ASÍ um breytingar á efnisatriðum kjarasamninga, þar á meðal frá VM um rammasamkomulag um greiðslu launa í erlendri mynt og viðurkenningu á starfstíma í öðrum löndum.

Sjá nánar á vef vm: [www.vm.is](http://www.vm.is)



VM óskar öllum félagsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

# Lækkun félagsgjalda

**Félagsmenn athugið!**

**Félagsgjöldin lækka úr 1% í 0,8%**

Á aðalfundi VM þann 24. mars sl. var samþykkt að lækka félagsgjöld um 20%, úr 1% í 0,8%, frá og með 1. janúar 2008.

# Kjarasamningar

## Sameiginlegar áherslur ASÍ félaga gagnvart SA

Lagðar verða fram sameiginlegar tillögur landssambanda og félaga ASÍ.

Megin markmið aðildarfélaga ASÍ í komandi kjaraviðræðum er að verja kaupmátt og styrkja stöðu hinna lægst launuðu.

Meðal áhersluatriða ASÍ á hendur SA eru m.a. eftirfarandi kröfur frá VM:

### Launaleynd

Ákvæði af þessum toga vinna gegn markmiðum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um jöfn laun karla og kvenna fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Lagt er til að kjarasamningar geymi einfalt ákvæði sem heimili starfsmönnum upplýsingagjöf um eigin laun og önnur starfskjör.

### Laun í erlendri mynt

Nú þegar hafa íslensk fyrirtæki með starfsemi hér á landi og starfsmenn þeirra tekið upp ákvæði um greiðslu launa að hluta til í erlendri mynt. Þá er gjarnan miðað við þann gjaldmiðil sem fyrirtækin hafa tekjur sínar í og/eða þann gjaldmiðil sem starfsmenn hafa stofnað til skuldbindinga í. Nauðsynlegt er að unninn verði rammi utan um greiðslu launa með ofangreindum hætti. Slíkt væri m.a. hægt að gera í sérstakri bókun með kjarasamningum.

### Áunnin réttindi erlendra starfsmanna

Hluti af launamismunun og félagslegum undirboðum vegna erlendra starfsmanna felst í því að þeir eru oftast settir á byrjunartaxtalaun, lágmarksorlof og veikindarétt þó þeir séu með starfsaldur úr starfsgreininni frá heimalandi sínu. Slík mismunun er í sjálfu sér óheimil en viðgengst. Mikilvægt er að kveða á um þetta í kjarasamningi til þess að koma í veg fyrir mismunun og til þess að fækka þeim þáttum sem skekkt geta samkeppnisaðstöðu fyrirtækjanna.

### Aðrir þættir í sameiginlegum áherslum ASÍ:

#### 1. Þættir er varða efni ráðningarsamninga

- Samkeppnishamlandi ákvæði í ráðningarsamningum

#### 2. Þættir er varða uppsögn ráðningarsamninga

- Rökestuddar uppsagnir
- Skaðabætur vegna ólögðra uppsagna

#### 3. Þættir er varða útreikning kaups og kaupliða

- Útreikningur á yfirvinnukaupi
- Skilgreining vaktavinnu
- Útreikningur desemberuppbótar



### 4. Veikindi og slys

- Tilkynning um veikindi
- Slysaftryggingar

### 5. Þættir er varða frítöku

- Vikulegir frídagar
- Frítaka vegna endur- og símenntunar
- Frítaka trúnaðarmana vegna náms

### 6. Kynbundinn launamunur

### 7. Önnur atriði

- Bókun um réttarstöðu starfsmanna við eigendaskipti að fyrirtæki
- Skráning og meðferð persónuupplýsinga
- Vinnustaðaskilríki
- Bókun um upplýsingar og samráð

Sjá nánar á vef ASÍ: [www.asi.is](http://www.asi.is)

VM fréttir 3. tölublað 2. árgangur, desember 2007

Útgefandi og ábyrgð:

VM - félag vélstjóra og málmteknimanna

Borgartúni 18

105 Reykjavík

Ritstjóri: G. Katrín Bryndísardóttir

Skrifstofa VM er opin:

mánudaga - fimmtudaga frá 8 til 16

Föstudaga: frá 8 til 15

Skriptiborðið er opið:

Mánudaga - fimmtudaga: frá 9 til 16

Föstudaga: 9 til 15

[www.vm.is](http://www.vm.is)

# Kannanir VM

Í nóvember voru gerðar þrenns konar kannanir meðal félagsmanna VM.

## Kjarakönnun

Sem hægt var að svara með bréfi eða á netinu. Spurt var m.a. um laun og launahækkunir.

## Símakönnun

Um viðhorf félagsmanna til VM og áherslur í komanadi kjarasamningum

## Rafræn viðhorfskönnun

Um megináherslur í kjarasamningum gagnvart Samtökum atvinnulífsins annars vegar og stjórnvöldum hins vegar.

Hér á næstu síðum eru stuttar upplýsingar úr niðurstöðum kannanna.

## Kjarakönnun

Úrvinnslu úr kjarakönnuninni er ekki lokið enn. Niðurstöður verða birtar í næsta fréttabréfi. Einungis eru komnar niðurstöður úr spurningum um launaskrið:

- Í júlí 2006 hækkuðu laun um 3% hjá þeim sem voru með laun yfir lágmarkstöxtum og höfðu ekki notið launaskriðs
- Algeng launahækkun um síðustu áramót var 2,9%.

Spurt var, hefur þú samið um eða fengið launahækkun umfram ofnagreiðdar hækkunir í kjarasamningi?

**Já sögðu 74 eða 29,7%**  
**Nei sögðu 175 eða 70,3%**



## Bestu jóla- og nýárskveðjur

## VM Kjaramál

Desemberuppbot 2007

Véltjórar á kaupskipum	41.800
Faxafloahafnir	47.000
Frystihús og verksmiðjur	41.800
Hafrannsóknastofnun	41.800
Hitaveita Suðurnesja	68.030
Landsvirkjun	68.032
Launanevnd sveitarfélaga	59.728
Orkuveita Reykjavíkur	51.000
Rammasamningur	68.032
Sanddæluskip - Björgun	41.800
Málmæktimenn	41.800

## VM Félagsmál

Félagsfundir

- » Félagsfundur með sjó-mönnum á Grand Hótel 27. desember
- » Fundur á Akureyri á næstunni

## VM Vasabókin

Vasabókin er komin úr prentun og er send til allra félagsmanna með þessu fréttabréfi.

## VM Orlofshús

1. desember var farið að bóka í orlofsaðstöðu fyrir næsta ár, fyrir utan páska- og sumartímabil sem fer í úthlutun. Hús og íbúðir eru vel bókuð yfir hátíðarnar.

## VM - kaffi

Síðasta VM - kaffi ársins var haldið 30. nóvember síðastliðinn. Til stendur að taka upp þráðinn eftir áramót og hafa opið hús og kaffi fyrir alla félagsmenn síðasta föstudag hvers mánaðar.

# VM kannanir

## Símakönnun

Gerð var símakönnun fyrir VM af Miðlun í nóvember. Könnunin var símakönnun gerð á tímabilinu 9. til 25. nóvember.

Hér á eftir eru helstu niðurstöður kannaninnar.

### Ánægja með VM

54% voru ánægð eða mjög ánægð með starfsemi VM. Einungis 11% voru óánægð eða mjög óánægð.

Af þeim sem afstöðu tóku, töldu flestir mikilvægast að VM héldi stærð sinni í framtíðinni. Næst flestir töldu stækkun mikilvægasta.

### Orlofsaðstaða

57% eru ánægð með það framboð sem VM hefur af orlofshúsnæði en 24% telja að auka þurfi framboðið. Flestir nefndu Spán sem þann stað sem auka þyrfti framboðið.

### Jákvæðni gagnvart rafrænum könnunum

89% svarenda eru jákvæðir eða mjög jákvæðir gagnvart því að VM noti rafrænar kannanir til að kanna viðhorf félagsmanna og aðeins 3% neikvæðir eða mjög neikvæðir.

### Áherslur í komandi kjarasamningum


Svarendur leggja mesta áherslu á verulega prósentuhækkun launa í komandi kjarasamningum VM. Í öðru sæti er hækkun taxtalauna, þá tryggingu efnahagslegs stöðugleika og lenging orlofs er í fjórða sæti.

Athygli vekur að yngri aldurshóparnir eru sammála heildarniðurstöðunni. En hjá elsta hópnum er í forgangi að tryggja efnahagslegan stöðugleika og hækkun taxtalauna þar á eftir. Sjá myndir hér til hliðar.


Þessi hópur er því sammála niðurstöðu rafrænu könnunarinnar sem fram fór á heimasíðu VM.

Þessar myndir sína að tveir yngri aldurshóparnir hafa sömu forgangsröð á áherslum og heildarniðurstöðan sýnir. Hópur 40-50 ára sker sig úr með því að setja tryggingu efnahagslegs stöðugleika í fyrsta sæti, þá hækkun taxa, síðan prósentuhækkun og loks lenging orlofs.


### 20-29 ára



### 30-39 ára



### 40-50 ára




# Kannanir VM

## Símakönnun

### Þekking á réttindum

Af þeim sem afstöðu tóku, sögðust 24% svarenda hafa kynnt sér mjög eða frekar vel réttindi sín í VM og lífeyrissjóði ef upp kæmu veikindi eða slys. 62 % sögðust hafa kynnt sér þetta mjög eða frekar illa.



## Viðhorfskönnun á netinu

### VM lét gera rafræna viðhorfskönnun á netinu í nóvember.

Könnunin var unnin af Outcome. Svarendur voru beðnir að forgangsraða atriðum varðandi hagsmuni félagsmanna og aðgerðir stjórnvalda í skatta- og velferðarmálum sem þeir telja að skili mestum árangri. Hér eru helstu niðurstöður könnunarinnar, spurningarnar ásamt forgangsröðun félagsmanna.

### Hagsmunir sem leggja beráherslu á í komandi kjarasamningum

1. Að tryggja stöðugleika og vaxandi kaupmátt
2. Koma í veg fyrir undirboð á vinnumarkaði
3. Sérstök launahækkun á lægstu launataxta
4. Aukinn launaréttur í veikindum
5. Stytting vinnutíma
6. Lengra orlof
7. Sama krónutöluhækkun til allra
8. Jöfn % hækkun til allra

### Sameiginlegir hagsmunir VM og atvinnurekenda

1. Stöðugleiki í efnahagslífinu
2. Koma í veg fyrir undirboð í launum og verktilboðum
3. Fagleg símenntun
4. Engir sameiginlegir hagsmunir

### Aðgerðir stjórnvalda í skattamálum sem skila árangri:

1. Hækka persónuafslátt
2. Lækka skatt af lífeyrisgreiðslum
3. Lækka tekjuskattsprósentu
4. Koma í veg fyrir skattsvik

### Aðgerðir stjórnvalda í velferðarmálum sem skila árangri

1. Afnema skerðingar á bótum (tekjutengingar)
2. Þjónusta fyrir aldraða
3. Heilsugæsla: stytta biðlista
4. Íbúðalán til ungra/efnaminni
5. Leikskólamálar
6. Jafna búsetuskilyrði

## LÖGMENN

BORGARTÚNI 18

## ALHLIÐA LÖGFRÆÐILEG ÞJÓNUSTA

- Sérhæfing í vinnuréttarmálum
- Innheimta vangreiðdra launa
- Innheimta slysa- og skaðabóta
- Gallamál, fjölskylduréttur o.fl.

Jónas Haraldsson, hdl.

Jónas Þór Jónsson, hdl.

Sími: 502 9008

# Félagsfundur 9. október

## Nýtt réttindakerfi

Á þessum félagsfundi VM í fjallaði Grétar Þorsteinsson forseti ASÍ um endurskoðun veikinda-, slysa og örorkubótaréttar.

Undanfarið ár hafa farið fram umfangsmiklar viðræður milli fulltrúa ASÍ og SA um heildarendurskoðun á veikinda-, slysa- og örorkubótarétti þeirra sem eru á almennum vinnumarkaði. Voru þessar viðræður settar í gang til þess að freista þess að finna haldbærar leiðir til þess hvoru tveggja í senn að bæta

réttindi og lífsgæði þeirra sem lenda í alvarlegum veikindum og minnka heildarútgjöld samfélagsins vegna ört vaxandi örorku. Þessu markmiði telja samningaaðilar að megi ná með því að fjárfesta markvisst í endurhæfingu til þess að aðstoða fólk til að komast aftur út á vinnumarkaðinn eftir áföll eða veikindi.

**Allar nánari upplýsingar um nýtt réttindakerfi: [www.asi.is](http://www.asi.is)**



Grétar Þorsteinsson, foreti ASÍ

## Efnahagshorfur og komandi kjarasamningar

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, mætti á fundinn og fór yfir þróun kjaramála allt frá samningunum 2004 og horfur í efnahagsmálum, þá borið saman við aðstæður í aðdraganda kjarasamninga nú. Að sögn Ólafs Darra voru þá væntingar um mikinn hagvöxt vegna stóriðjuframkvæmda framundan. Megin hættan var mikil verðbólga og óþægilega sterkt gengi. Þá var markmið samninganna að auka kaupmátt, eyða óvissu í efnahagslífinu og leggja þannig grunn að stöðugleika. Við þær aðstæður var samið til fjögurra ára og kaupmáttur sóttur með jöfnum hækkunum sem áttu að tryggja stöðugleika. Þegar verðbólga varð of mikil voru samningarnir opnaðir bæði 2005 og 2006.

### Óvissa framundan í efnahagsmálum

Nú er mikil óvissa framundan í efnahagsmálum að mati Ólafs Darra. Krónan gegnir lykilhlutverki og óljóst um gengisþróun. Órói á erlendum fjármálamörkuðum getur ógnað stöðunni og mikill verðbólguþrýstingur er undirliggjandi. Spáð er aukinni verðbólgu fram á næsta ár og að stýrivextir Seðlabankans lækki ekki fyrr en á fyrri hluta næsta

árs. Við bætist 30% skerðing aflahæimilda í þorski, líkur á að fasteignamarkaðurinn kólni og óvissa um frekari stóriðjuframkvæmdir. Þetta er allt annar rammi utan um gerð kjarasamninga en fyrir fjórum árum. Á þessum tíma hefur ójöfnuður einnig farið vaxandi og auðmenn taka til sín upphæðir sem áður voru óþekktar. Það hefur misboðið réttlætiskennnd fólks. Þá er staðan ójöfn eftir landshlutum og atvinnugreinum auk þess sem óvissa er um þróun á vinnumarkaði.

### Ekki víkja frá áherslu á kaupmátt í stað mikilla hækkana

Við þessara aðstæður verða samningar mögulega erfiðari en síðast að mati Ólafs Darra. Hann telur ólíklegt að almenn kaupmáttaraukning verði jafn mikil á komandi misserum og liðnum misserum. Spurningarnar snúast um hvernig nálgast eigi samningsgerðina. Í því sambandi lagði hann áherslu á að ekki eigi að víkja frá þeirri stefnu að leggja áherslu á kaupmátt í stað hárra prósentuhækkana og áfram verði að leggja sérstaka áherslu á öryggisnetið (lágmarkstaxtana) í markaðslaunaumhverfinu og sérstaka kaupmáttaraukningu lægstu launa. Verkalýðshreyfingin



Ólafur Darri Andrason, Hagfræðingur ASÍ

verður að draga þá sem hafa hlaupið frá ábyrgð á stöðugleikanum aftur til ábyrgðar en ekki verða óábyrg sjálf því þá tapa allir að mati Ólafs Darra.

Hann taldi óráðlegt að semja til jafns langs tíma og í samingunum 2000 og 2004 í ljósi þeirrar óvissu sem er um þróun efnahagsmála framundan. En verði samið til lengri tíma en árs sé óvarlegt að semja án skýrra endurskoðunarákvæða.



# Félagsfundur 20 nóvember

## Félagsfundur haldinn á pólsku

Haldinn var fundur með pólskum félagsmönnum í VM, sem eru hátt á þriðja hundrað talsins, á Grand Hótel þann 20. nóvember.

Þetta er í fyrsta sinn sem VM heldur fund á erlendu tungumáli en fundurinn fór allur fram á pólsku og var túlkaður af túlk frá Alþjóðahúsinu Moniku Kowaelska. Lagt var fram kynningarefni frá ýmsum aðilum og mikið af upplýsingaefni sem VM hafði undirbúið og látið þýða á pólsku.

Mæting var framar vonum. Um 80 manns. Sem er nokkuð hátt hlutfall pólskra félagsmanna.

Örn Friðriksson setti fundinn með stuttri kynningu á VM. Fundarstjóri var Magnús Magnússon. Ritari fundarins var Halldór Arnar Guðmundsson.

Vignir Eyþórsson fór ásamt túlki yfir almenn atriði og réttindi úr kjarasamningi VM og upplýsingar um launataxta og fleira.

Eftir þessa umfjöllun voru spurningar og nokkrar umræður.

Fyrirspurnir voru m.a. um lífeyrissjóð og greiðslur úr honum vegna örorku, desemberuppbót, veikindarétt og fleira.

Síðan fóru Örn Friðriksson og Monika yfir upplýsingar um sjúkrasjóð og fræðslusjóð félagsins.

Almennar spurningar voru um lágmarkslaun og launataxta og hversu oft væri hægt að biðja um launahækkun.

Þá var stutt kynning frá Eures vinnumiðlun um námskeið um íslenskan vinnumarkað fyrir Pólverja.

Ílokfundarinsvarmikiðafspurningum sem brunnu á fundarmönnum og voru spurningarnar túlkaðar og starfsmenn VM svöruðu. Var þetta greinilega kærkomið tækifæri fyrir þennan hóp félagsmanna að fá að bera fram spurningar og fá svör á sínu eigin tungumáli.

Athygli fundargesta vakti þegar atvinnurekandi kom á fundinn og hugðist sækja sína starfsmenn út af fundinum. Bar hann fyrir sig félagafrelsi en braut sjálfur með þessu á persónufrelsi þessara einstaklinga, skv. ákvæði 4. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, þar sem m.a. kemur fram að atvinnurekanda og verkstjóra er óheimilt að reyna að hafa áhrif á stéttarfélagspátttöku starfsmanna. Það sem mesta athygli vekur þó er að atvinnurekandi skuli voga sér að ætla að hafa afskipti af því hvað starfsmenn hans eru að gera í frítíma sínum. Hvaða nafni sem það nefnist og hjá hvaða stéttarfélagi eða stjórnmalaflokki sem það kann að vera. Hvað þá, að kalla menn út af fundi sem þeir höfðu fengið fundarboð á heim til sín. Varð nokkur umræða um þetta í fjölmiðlum og víðar.



Eins og sést var fundurinn geysi vel sóttur

# Félagsfundur 27. nóvember

## Undirbúningur kjarasamninga

Fjallað var m.a. um skipan samninganefnda og eru eftirtaldir í samninganefndum VM:

Fulltrúar í samninganefnd VM vegna kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins sem gilda til 31. desember 2007 vegna starfa á málm- og véltækni sviði í landi, sem gerður var vegna Félags járníðnaðarmanna 26. apríl 2004, ásamt kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna vélstjóra í frystihúsum og verksmiðjum sem gilti frá 17. maí 2004, eru:

Örn Friðriksson  
Magnús Magnússon  
Halldór A. Guðmundsson  
Vignir Eypórsson  
Garðar Garðarsson  
Guðmundur S. Guðmundsson  
Gunnar S. Gunnarsson  
Halldór I. Lúðvíksson  
Samúel Ingvarsson  
Þorsteinn Arthúrssen

Fulltrúar VM í samninganefnd vegna kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins sem gilda til 31. desember 2007 vegna kjarasamnings um kaup og kjör vélstjóra á kaupskipum sem tók gildi 7. maí 2004 svo og kjarasamnings um kaup og kjör vélstjóra á sanddæluskipum frá 1. janúar 2005 eru:

Valdimar Jóhannsson  
Trausti Ingólfsson  
Halldór Waagfjörð  
Gunnar Einarsson  
Brynjar Viggósson  
Magnús Magnússon  
Halldór A. Guðmundsson  
Vignir Eypórsson  
Örn Friðriksson

## Sameiginlegar áherslur ASÍ félaga:

- Rökstuddar uppsagnir
- Skaðabætur vegna ólögðra uppsagna
- Útreikningur á yfirvinnukaupi
- Skilgreining vaktavinnu
- Skráning og meðferð persónuupplýsinga
- Desemberuppbót
- Tilkygning um veikindi
- Vikulegir frídagar
- Vinnustaðaskilríki
- Slysátryggingar
- Laun trúnaðarmanna vegna náms
- Frítaka vegna endur- og símenntunar
- Kynbundinn launamunur
- Meðábyrgð launafólks í vinnuslysum
- Jöfnun starfsmenntunar og bóknáms
- Skipulag starfsdaga í skólum
- Samræming lífeyrisréttinda

Nánar á vef vm: [www.vm.is](http://www.vm.is)

## Niðurstaða uppstillingarnefndar

### Niðurstaða uppstillingarnefndar

Í lok fundarins kynnti Vilhjálmur Vilhjálmsen, varaformaður uppstillingarnefndar, tillögur hennar um framboð til formanns, stjórnar, varastjórnar og fulltrúaráðs. Ekki komu fleiri framboð fram á fundinum. Kosid verður um formann. félagsins, aðrir listar eru sjálfkjörnir.

### Tillaga um framboð til formanns

- » Gunnar S Gunnarsson
- » Guðmundur Ragnarsson
- » Guðmundur S. Guðmundsson
- » Valgeir Ómar Jónsson

### Tillaga um framboð til aðalstjórnar

- » Guðmundur Helgi Þórarinnsson
- » Samúel Ingvarsson
- » Heimir V. Pálmason
- » Gylfi Ingvarsson
- » Trausti Ingólfsson
- » Haraldur G Samúelsson
- » Sævar Örn Kristjánsson
- » Hervar Gunnarsson

### Tillaga um framboð til varastjórnar

- » Vilhjálmur Þ Vilhjálmsen
- » Andrés Bjarnason
- » Halldór Lúðvíksson
- » Guðmundur Sigurvinsson
- » Sigurður Halldórsson
- » Kristján Kristjánsson
- » Marteinn Karlsson
- » Jón Jóhannsson

### Tillaga um framboð til fulltrúaráðs

- » Vignir Eypórsson
- » Jóhann Pétur Gíslason
- » Pétur V Maack
- » Friðrik Björgvinsson
- » Kári Rafn Sigurjónsson
- » Valdimar Jóhannsson
- » Kristinn S Jóhannsson
- » Þorsteinn Artúrsson
- » Helgi Jóhannsson
- » Halldór A. Guðmundsson
- » Jóhannes B Birgisson
- » Sigurður Kristinsson
- » Haukur Magnússon
- » Sigurður P Sigurðsson
- » Jón Már Sverrisson
- » Gunnar I Leifsson
- » Brynjar Viggósson



# Kynning á frambjóðendum

## Formannsframbjóðendur



Gunnar S. Gunnarsson

Netföng:  
gsg@hekla.is  
gskagfjord@gmail.com

Gunnar er vélvirki að mennt með meistararéttindi og hefur starfað nær samfelld frá sveinsprófi á Vélaverksæði Heklu h.f. við viðgerðir á ýmiskonar vélbúnaði til sjós og lands.

Hann hefur starfað að félagsmálum frá því í kringum 1991 sem trúnaðarmaður og setið í stjórn FJ. Sat í viðræðunefnd um sameiningu VSFÍ og FJ frá upphafi og í stjórn VM frá stofnun.

Aðaláhersla fyrir utan kjara- og hagsmunabaráttu er menntun, fagleg og félagsleg. Þörf er á að samræma menntun á málm- og véltæknisviði og um leið að auka nýtingu og skilvirkni náms á vinnustöðum með hagsmuni nemenda og atvinnulífs að leiðarljósi. Félaglega menntun okkar fólks verður að bæta. VM á að stuðla að því að félagsmenn séu samkeppnisfærir á vinnumarkaði og í röð þeirra sem eru bestir.



Guðmundur Þórður Ragnarsson

Netföng:  
gumrag@mi.is  
gudmrag@inmobil.net  
Bloggsíða:  
gumrag.blog.is

Guðmundur Þórður er vélstjóri og vélvirki að mennt og með meistararéttindi frá 1986. Hann hefur starfað sem yfirvélstjóri á Gnúpi GK 11 frá 1992.

Hann var varaformaður VSFÍ frá 2001 til 2005 og hafði setið í stjórn VSFÍ fyrir fiskimenn frá 1999 og fram að sameiningu félaganna. Er nú varamaður í stjórn VM og í kjaranefnd sjómanna í VM.

Aðaláhersla er að félagið verði áberandi í þjóðfélagssumræðu varðandi málefni félagsmanna. Með því skapast sjálfstæði sem auka mun möguleika á að koma sjónarmiðum okkar á framfæri og hafa áhrif. Sjálfstætt og áberandi félag skilar okkur mestu í allri kjarabaráttu. Þar þurfum við að sýna frumkvæði og áræðni til að ná auknum kjarabótum í framtíðinni og fá viðurkenningu á fag-mennsku og mikilvægi okkar félagsmanna.



Netföng:  
omar@centrum.is  
vomar@inmobil.net  
Bloggsíða:  
valgeiromar.blog.is

Valgeir Ómar er fyrsti- og yfirvélstjóri á Örfirisey RE 4 hjá HB Granda hf. síðan 1996.

# mynd

# Af starfsemi félagsins

## Stefnumótun VM

Í sumar ákvað stjórn VM að hefja stefnumótunarvinnu fyrir félagið.

Margar ástæður lágu þar að baki en þær voru m.a. að tvö ólík félög voru að sameinast og að formenn beggja félaganna munu hverfa frá félaginu á næsta ári. Það er einnig nauðsynlegt á nokkurra ára millibili í starfsemi stéttar- og fagfélags að horfa fram á við og marka stefnu til næstu 4-6 ára.

Stefna mótuð af fjölmönnum hópi félagsmanna styður starfsmenn og stjórnendur í að reka félagið á samþykktan, skilvirkan og eftir-sóknarverðan hátt þannig að félagið kæmi ávalt til móts við væntingar félagsmanna.

Stjórn VM kaus verkefnastjórn fyrir stefnumótunarverkefnið sem í eru ásamt formanni

VM, framkvæmdastjóri, Sævar Örn Kristjánsson og Gunnar S. Gunnarsson. Haraldur Á Hjaltason verkfræðingur frá Artemis ehf. var fenginn til ráðgjafar.

Hluti af verkefninu var að leita til fulltrúaráðs VM og starfsmanna eftir tillögum og var settur á vinnufundur að Hótel Heklu dagana 12-13 október. Mikil og kröftug vinna fór fram um þá helgi og fékk hópurinn góða gesti til að ráðfæra sig við og veita hópnum nýjan innblástur.

Reiknað er með framtíðarsýn og stefna félagsins liggja fyrir í lok árs og verði kynnt á aðalfundi og VM þingi 4 og 5 apríl nk.

Meðfylgjandi eru myndir af vinnufundinum á Hótel Heklu.

## Húsnæðismál VM

Nú hefur VM selt skrifstofuhúsnæðið í borgartúni 18. Einnig var hlutur VM í sameiginlegum sal á 6. hæð í Borgartúni 30 seldur en þar leigir félagið skrifstofuhúsnæði sitt til Norðuráls.

VM fær svo afhent nýja skrifstofuhúsnæðið að Stórhöfða 25 um áramótin. Áætlað er að skrifstofan geti flutt í mars á næsta ári.

# Íslandsmót í málmsuðu

Íslandsmeistaramótið í málmsuðu var haldið í Borgarholtsskóla laugardaginn 3. nóvember.

Málmsuðufélag Íslands sá um skipulagningu mótsins sem endranær.

Í ár var Klif ehf. aðalstyrktaraðili mótsins.

Íslandsmeistari í málmsuðu í ár er Sigurður Guðmundsson, sem starfar hjá Völku ehf. Var hann með 909 samanlögð stig.

Í öðru sæti var Hlynur Guðjónsson, Teknís ehf, með 834 samanlögð stig.

Í þriðja sæti var Guðmundur Helgi Christensen, ET, með 771 stig samanlagt.

# Voru grösin græn ?

Grein eftir Helga Laxdal, varaformann VM

Í kjarasamningi FFSÍ og SSÍ við LÍÚ v/aðildarfélagi frá 30. október 2004 með gildistíma til 31. maí 2008 kemur eftirfarandi ákvæði fram:

„Í sjö ár eftir að skip er fyrst tekið í notkun, skal skip-taprósenta vera 10% lægri en samningsákvæði veiðigreina kveða á um, enda tryggi útgerð að aflahlutir séu áheilu ári yfir meðaltali í þeim skipaflokki sem um ræðir“.

Ákvæðið heldur áfram þar sem reynt er að skýra með hvaða hætti þessu tryggingarákvæði skuli fullnægt; því lýkur með þessum orðum.

Ofangreind regla skal gilda um skip sem skráð eru í fyrsta sinn á íslenska skipaskrá eftir 1. janúar 2004.

Hér er um afturvirktt ákvæði að ræða sem er frekar óalgengt í hérlandum kjarasamningum ekki síst vegna þess að það snerti útgerð eins skips, Guðmundar í Nesi RE, í eigu Brims ehf. sem var skráð hér fyrst í upphafi árs 2004. Þrátt fyrir að ákvæðið kæmi ekki í samning VSFÍ og LÍÚ fyrr en 20. febrúar 2006 voru laun vélstjóranna lækkuð samhliða launum annarra í áhöfninni um 10% sem er auðvitað óheimilt. Vélstjórnarnir kvörtuðu við félagið en treystu sér ekki í innheimtuaðgerðir af ástæðum sem flestir geta getið sér til um.

Nú er komin nokkur reynsla á

ákvæðið, því verður fróðlegt að skoða hvernig til hefur tekist. Það var að sjálfsögðu LÍÚ sem krafðist þess að fá það í samninginn. Helstu rökin voru þau að með nýjum og betur búnum skipum ykist aflinn og aflaverðmætið það mikið að frekar yrði um launaaukningu að ræða en minnkun. Margir re yndir frystiskipa-vélstjórar í samninganefnd VSFÍ, á þeim tíma, voru þessum fullyrðingum LÍÚ algjörlega ósammála. Þeir bentu á, máli sínu til stuðnings, að í fyrirhuguðum nýjum frystiskipum sé ekki gert ráð fyrir neinum breytingum hvað varðar vinnslulúfnar um borð. Þær gætu bara afkastað ákveðnu magni á tímaeiningu sem réði úrslitum um afköst skipsins hverju sinni. Yrði þar engin breyting á væri tómt mál að tala um aukinn afla a.m.k. þessara skipa.

Einnig bentu þeir á þá viðurkenndu staðreynd að mest er að gera hjá vélstjórum skipa fyrst eftir að þau eru tekin ný í notkun og því úr öllu samhengi að lækka laun vélstjóranna á meðan verið er að komast yfir byrjunarerfiðleikana. Þeir virðast fylgja hverju nýju skipi og ekki bara skipum heldur þeim vinnustöðum sem bygga reksturinn á nútíma tækni, hvaða nafni sem hún nefnist. Einnig bentu reyndir vélstjórar á þá staðreynd að stöðugt

eykst tæknibúnaður skipa en megninu af honum er viðhaldið og sinnt af vélstjórunum. Af því leiðir að bæði áreiti og vinna vélstjóranna fer vaxandi en ekki öfugt.

Margir halda því fram að sé um borð sá vél- og rafbúnaður sem nægir til að vélarúm skipa fái heimild flokkunarféлага til þess að vera vaktlaus hluta sólarhringsins, létti það störf vélstjóranna. Það er vafalítið rétt ef búnaðurinn er nýttur og vélarúmið án vaktar í allt að 12 klst. Sé það ekki gert breytir hann engu um störf vélstjóranna. Nú, rakinn máflutningur reyndra vélstjóra breytti engu um afstöðu fulltrúa LÍÚ sem að vanda böðuðu bara út örmum og fylltu margar flettistöflur af eintómum plústölum fyrir áhöfnina sem fylgja áttu 10% launalækkun.

Nú er sem sagt komið að því að leggja mat á allar klysjurnar og fullyrðingarnar um grænu grösin handan lækjarins; voru þau jafn græn og af var látið? Ef ekki eru næstu kjarasamningar vettvangur til umfjöllunar og breytinga ef fyrirheitin reyndust röng.

Helgi Laxdal  
vélfraeðingur

# Myndagjöf til félagsins

Jón Magnús Björnsson, félagsmaður í VM kom á dögunum færandi hendi á skrifstofu VM og afhenti Helga Laxdal ljósmynd að gjöf. Ljósmyndagjöfin var þakklættisvottur til félagsins fyrir að hafa aðstoðað hann á erfiðum tíma eftir vinnuslys.

Jón slasaðist til sjós í febrúar 2006. Slæmur hnykkur á bak var nóg til þess að hann hefur ekkert getað unnið síðan.

"Frá því að fyrirtæki hættir greiðslum, þar til maður kemst að hjá Tryggingastofnun er það sjúkrasjóður félagsins sem brúar bilið. Ég fékk greiðslur úr sjúkrasjóði félagsins á þessum erfiða tíma. Ef ekki hefði komið til þessara greiðslna, hefði ég misst allt. Í þakklætisskyni er þessi gjöf gefin."

Jón styður heilshugarallar hugmyndir um að styðja fólk í að komast aftur útá vinnumarkaðinn með námi eða annari þjálfun. "Það er lykilatriði í því að halda reisninni. Það þarf að vera eitthvert öryggisnet til staðar þegar fólk verður fyrir þessu alvarlega áfalli sem vinnumissir er. Þegar



Myndin er tekin árið 2005 á útleið frá Sandgerði. Ég beið færís lengi eftir réttu augnabliki. Jón valdi þetta sem þakklættisvott fyrir það sem félagið hefur gert í hans málum.

launin lækka svona mikið við að hafa ekki þær reglulegu tekjur eins og áður, þá breytist allt. Þegar fólk er að fjárfesta, kaupa hús og annað þá er það algengur hugsunarháttur að maður geti unnið sig út úr því. Allt

í einu er sá möguleiki horfinn, sem er mikið áfall. Þá eru sjúkrasjóðir stéttarféлага öruggt bakland sem mildar áfallið."